



Þingskjal nr.

Tillaga lífeyrisnefndar að samþykkt VIII. þings Samiðnar um lífeyrismál

VIII. þing Samiðnar leggur áherslu á að lokið verði vinnu við samræmingu lífeyrisréttinda á opinbera- og almenna vinnumarkaðnum eins og fyrirheit hafa verið gefin um.

Þingið ítrekar þá skoðun sína að forsenda þess að lífeyristökualdur verði hækkaður sé að hann verði samræmdur á íslenskum vinnumarkaði.

Þingið leggur áherslu á að við útfærslu á hækkun iðgjalds úr 12% í 15,5%, sem samið var um í síðustu kjarasamningum, verði tryggður aukinn sveigjanleiki við starfslok m.a. með opnum möguleika á að hækkunin fari í séreign að öllu leyti eða að hluta.

Þingið varar við öllum hugmyndum um að hægt verði að taka hluta af skylduiðgjaldi í húsnæðissparnað.

Þingið leggur áherslu á að sátt náist um samspil almannatrygginga og lífeyriskerfisins, tryggður sé skýr ávinningur af því að greiða í lífeyrissjóð og gætt sé hófs í tekjutengingum þannig að hvati sé hjá lífeyrisþegum til atvinnuþátttöku og sparnaðar. Háir jaðarskattar eins og viðgangast á Íslandi gagnvart ellilífeyrisþegum eru til þess fallnir að hamla atvinnuþátttöku.